



**BS ritgerð**  
**í viðskiptafræði**

**Samrunar og samstæður fyrirtækja**

Karl Óttar Einarsson

Leiðbeinandi Bjarni Frímann Karlsson

Viðskiptafræðideild

Júní 2011



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

## Samrunar og samstæður fyrirtækja

Karl Óttar Einarsson

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Bjarni Frímann Karlsson

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Samrunar og samstæður fyrirtækja.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs við Viðskiptafræðideild,  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2011 Karl Óttar Einarsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík 2011

## **Formáli**

Þessi ritgerð er unnin sem lokaverkefni til fullnustu B.Sc. gráðu í Viðskiptafræði við Háskóla Íslands á reikningshaldslínu og er vægi hennar er 6 ECTS einingar. Við gerð verkefnisins naut höfundur fulltingis og leiðbeiningar Bjarna Frímanns Karlssonar, lektors við Viðskiptafræðideild. Höfundur kann honum bestu þakkir fyrir stuðninginn.

## **Samantekt**

Rekstur fyrirtækja er mismunandi og form þeirra einnig. Form þeirra ákvarðast af því hvernig rekstri þeirra er háttað til framtíðar. Helstu form eru einkahlutafélag, hlutafélag, sameignarfélag, samlagsfélag, samvinnufélag, einkafirma, auk annarra. Ákvörðun um form er tekin með því að meta kosti og galla hvers forms. Þessi ritgerð fjallar um það, auk þess að fjalla um sameiningar fyrirtækja, rekstur fyrirtækjasamstæðu, reikningsskil við sameiningar og reikningsskil samstæðu. Hlutverk og skyldur endurskoðenda eru reifaðar sem og helstu lög og reglur við reikningsskil félaga, yfirtöku og upplýsingaskyldu.

## Efnisyfirlit

<b>Myndaskrá</b> .....	<b>7</b>
<b>Töfluskrá</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>2 Félagaform</b> .....	<b>9</b>
2.1 Félög með takmarkaðri ábyrgð .....	9
2.2 Félög með ótakmarkaðri ábyrgð .....	10
2.3 Mismunandi reikningskilareglur .....	11
<b>3 Hlutverk og skyldur endurskoðenda</b> .....	<b>13</b>
<b>4 Fjárfestingar í öðrum félögum</b> .....	<b>15</b>
<b>5 Sameiningar félaga</b> .....	<b>18</b>
5.1 Yfirtökuskylda .....	19
5.2 Ársreikningur sameinaðs félags .....	20
<b>6 Samstæður</b> .....	<b>23</b>
6.1 Ársreikningur samstæðu .....	27
6.2 Endurskoðun samstæðu .....	28
<b>7 Lokaorð</b> .....	<b>30</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>31</b>

## Myndaskrá

Mynd 1 Samstarf.....	19
Mynd 2 Tvítalning vegna vörusölu .....	21
Mynd 3 Rekstrarreikningur og efnahagsreikningur sameinaðs félags. ....	22
Mynd 4 Samstæða .....	24
Mynd 5 Samstæðan Hagar .....	25
Mynd 6 Samstæðan Norvik .....	26
Mynd 7 Gerð samstæðureikningskila .....	27
Mynd 8 Samstæðureikningur .....	28
Mynd 9 Viðskiptavild .....	28

## Töfluskrá

Tafla 1 Einkahlutafélag – hlutafélag, samanburður.....	9
Tafla 2 Sameignarfélög .....	11
Tafla 3 mismunandi eignarhlutar .....	15

## 1 Inngangur

Í ritgerðinni verður fjallað um mismunandi félagaform fyrirtækja, kostir og gallar helstu félagaforna raktir auk þess sem gerður er greinarmunur á félögum með takmarkaða og ótakmarkaða ábyrgð. Farið verður yfir mismunandi reglur sem gilda eftir formum félaganna um reikningsskil þeirra. Hlutverk og skyldur endurskoðenda við reikningsskil félaganna verða könnuð sem og mismunandi áritanir þeirra og áhrif sem þær hafa.

Fjárfestingar í öðrum félögum verða til skoðunar og hvernig félög eru sameinuð með tilliti til ársreikninga þeirra og þá sérstaklega áhrifin á efnahagsreikninginn. Þegar félög fjárfesta í verulegum eignarhluta í öðrum félögum hefur það áhrif á reikningsskil þess félags sem fjárfestir. Slík áhrif verða skoðuð og þá sérstaklega m.t.t. þess hvernig sameiningu félaga er háttað sem og hvernig félög eru rekin sem samstæða. Fjallað verður um yfirtökuskyldu og áhrif á minni hluthafa í félagi sem fjárfest er í.

Ársreikningur samstæðu er skoðaður og hvernig hann er settur upp auk þess hvernig endurskoðun slíkrar einingar skuli vera háttað og gagnrýni þar á.



## 2 Félagaform

Fyrirtæki eru rekin undir sérstöku regluverki sem er mismunandi eftir því formi sem þau eru stofnuð og rekin í. Form fyrirtækja eru mismunandi og rekstur þeirra og reikningskilum er þannig háttað sem lög og reglur segja til um að eigi að gilda um hvert félagaform fyrir sig. Mismunur formanna verður nú stuttlega reifaður en helstu félagaformin eru: einstaklingsrekstur (á eigin kt.), einkahlutafélag (ehf.), hlutafélag (hf.), sameignarfélag (sf.), samvinnufélag (svf.), og samlagsfélög (slf.). Öll þessi félagaform sæta mismunandi reglum um t.d. skattlagningu og arðgreiðslur.

### 2.1 Félög með takmarkaðri ábyrgð

Hlutafélög, hvort sem þau eru rekin í formi einkahlutafélags eða almenns hlutafélags eru rekin með takmarkaðri ábyrgð eigenda sinna. Í því felst að eignir sem lagðar eru til hlutafélögum frá eigendum þess í formi hlutafjár er eina eignin sem eigendur geta tapað við fall slíkra félaga. Ef félag fer í þrot er því ekki hægt að ganga á persónulegar eignir eigenda þess, nema ef sérstakir samningar eru gerðir þar sem eigendur veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldum félagsins. Slíka sjálfskuldarábyrgð getur verið nauðsynlegt að veita lánastofnunum þegar félag stendur illa í þeim tilgangi að auka tiltrú á félaginu. Ábyrgðin getur þá verið veitt vegna ákveðinnar skuldar og oft í ákveðinni eign, t.d. húsnæði eigandans.

Tafla 1 Einkahlutafélag – hlutafélag, samanburður (KPMG, 2010)

	Einkahlutafélag	Hlutafélag
<b>Lágmarkshlutafé</b>	500.000 kr.	4.000.000 kr.
<b>Stofnendur</b>	Einn eða fleiri	Amk. Tveir
<b>Skráningarkostn.</b>	130.500 kr.	256.000 kr.
<b>Framkv. stjóri</b>	Ekki skylda að ráða	Skylda að ráða
<b>Stjórnarmenn</b>	Amk. einn stjórnarmaður	Amk. þrír í stjórn
<b>Tekjuskattur</b>	20%	20%
<b>Ársreikningar</b>	Skylda að skila til ársreikningaskrár	Skylda að skila til ársreikningarskrár

Eins og sjá má í töflu 1 felst munurinn á þessum tveimur félagaformum aðallega í því að lágmarkshlutfé og umfang er mismunandi. Þessar kvaðir eru lágmarkskvaðir á félög sem rekin eru í þessu formi. Í sérlögum má krefjast annarra lágmarka, eins og í lögum um fjármálafyrirtæki þar sem lágmarks hlutfé fyrir banka er t.d. 5 milljónir evra (Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki). Val á milli þessara valkosta fer eftir því í hvernig rekstri fyrirtæki ætlar sér að vera, t.a.m. fá einungis hlutfélög skráningu í kauphöllina.

Arðgreiðslur hlutafélaga eru háðar ýmsum reglum. Skilyrði fyrir arðgreiðslum eru m.a. að í bókum félagsins sé jákvætt óráðstafað eigið fé og að meirihluti hluthafa hafi samþykkt arðgreiðslur sem ætlunin er að greiða út. Arðgreiðslur eru ekki færðar til bókar í félagi fyrr en greiðsla þeirra á sér stað. Ef ákvörðun um arðgreiðslu liggur fyrir, áður en ársreikningur er lagður fram, er rétt og skylt að geta þess í skýringum í ársreikningi félagsins, sbr. IAS 10 um atburði eftir lok reikningskiladags (e. Events after the balance sheet date). Skattlagning arðgreiðslna til einstaklinga hér á landi fer eftir lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Litið er á arð sem tekjur skv. c-lið 7. gr. áðurnefndra laga og er skatthlutfallið nú 20% (Ríkisskattstjóri, 2011). Félög sem fá greiddan arð greiða ekki af honum skatt. Arðgreiðslur geta verið háðar nánari takmörkunum eftir því sem fram kemur í sérlögum.

## **2.2 Félög með ótakmarkaðri ábyrgð**

Í þennan flokk falla félög sem rekin eru á kennitölu eiganda (einkafirma), sem og félög sem rekin eru í formi sameignarfélaga (sf.) samvinnufélaga (svf.) og samlagsfélaga (slf.). Eins og áður hefur komið fram er takmörkuð ábyrgð bundin við þá eign sem eigandi leggur félaginu til. Í félagi með ótakmarkaða ábyrgð takmarkast ábyrgð eigandans ekki við fyrirfram skilgreinda og fasta upphæð. Áður en félagi er slitið og það lýst gjaldþrota er fullnustu kröfunnar krafist hjá eiganda félagsins. Allar eigur hans verða þannig aðfararhæfar til lúkningar skulda félagsins. Þannig eru eigendur félagsins yfirleitt lýstir eignalausir og jafnvel gjaldþrota áður en búi félagsins er lokað og ber hver um sig solidaríska ábyrgð á öllum skuldum félagsins. Það þýðir að hægt er að krefja hvern og einn þeirra um greiðslu allrar skuldarinnar en þeir eiga svo endurkröfurétt hver á annan. Aðilar að sameignarfélagi þurfa að hafa forræði á búi sínu og er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu ef bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta (Lög nr. 50/2007 um sameignarfélög).

Tafla 2 Sameignarfélög

	Sameignarfélag
<b>Lágmarks stofnfé</b>	Ótakmarkað
<b>Stofnendur</b>	Amk. tveir
<b>Skráningarkostnaður</b>	89.000 kr.
<b>Framkv. stjóri</b>	Ekki skylda að ráða
<b>Tekjuskattur</b>	32,7%
<b>Ársreikningar</b>	Ekki skylda að skila til ársreikningaskrár

En afhverju að stofna sf. og taka þannig á sig persónulega ábyrgð og greiða himin háan tekjuskatt? Kostir sameignarfélaga felast í því að stofnfé er ekki takmarkað, þ.e. ekki kröfur um lágmarks stofnfé, stofnféð ber þó 2% stimpilgjald. Einnig er einfalt að slíta sameignarfélagi. Stærsti kosturinn er þó sá að úttekt eiganda úr rekstri er að mestu leyti ótakmörkuð og skattfrjáls. Slíkar greiðslur eru í raun skattfrjálsar arðgreiðslur og umbun fyrir að veita þessa skýlausu og ótakmörkuðu ábyrgð.

Árið 2007 var sett löggjöf um sameignarfélög, lög nr. 50/2007, en fram að þeim tíma var engin löggjöf til um sameignarfélög sérstaklega, heldur giltu almennar reglur og lagaákvæði sem finna mátti á víð og dreif í íslenskri löggjöf. Sökum þess hve ný löggjöfin er þá er ekki komin mikil reynsla á hana. Í löggjöfinni má m.a. finna atriði um stofnun sameignarfélaga, félagsstjórn, félagslit o.fl. Félagsaðild í sameignarfélagi erfist ekki og telst félaginu sjálfkrafa slitið ef færri en tveir aðilar standa að félaginu. Ekki er skylt að skipa framkvæmdastjóra og frá flestum atriðum laganna má víkja sé þess getið í félagsamningi og í samræmi við þær reglur og venjur sem gilda í samningarétti almennt.

### 2.3 Mismunandi reikningsskilareglur

Öll félög skulu fara að settum reglum við reikningsskil sín en mismunandi reglur gilda um það hvernig þeim skuli háttað eftir formi þeirra. Sum félög þurfa að fara að strangari og ítarlegri reglum en önnur, þar gildir m.a. hvort þau séu skráð á opinberum markaði eða ekki. Þær reglur sem gilda hérlendis um reikningsskil fyrirtækja má finna í lögum um ársreikninga, lögum um bókhald, sem og ýmsum sérlögum sem gilda um starfsemi einstakra félaga og félaga í tiltekinni starfsemi. Auk þessara laga þurfa öll stærri félög og félög í alþjóðlegri starfsemi að fara eftir viðurkenndum reikningsskilastöðlum og er þeim

ætlað að tryggja það að hægt sé að lesa reikningsskil sem víðast í heiminum. Til eru ótal mismunandi staðlar. Sá útbreiddasti nefnist IFRS (International Financial Reporting Standards) og gildir hann fyrir skráð fyrirtæki hérlandis auk í um 100 öðrum löndum. Í flestum öðrum löndum heimsin gilda staðlar viðkomandi lands, oftast kallaðir GAAP (Generally Accepted Accounting Principles) með skammstöfun landsins skeytt framan við. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum gildir US GAAP, en ekki verður nánar farið yfir þá staðla hér heldur verður einblínt á þær reglur sem gilda hér á landi. Mismunur þessara staðla er þó ekki ýkja mikill og fer þverrandi.

Heimild er í íslenskum lögum til að skila ársreikningum á samandregnu formi. Er það gert til hagræðingar fyrir lítil félög og þá sérstaklega til að vernda samkeppnisrekstur. Ef nauðsynlegt er að gefa upp ítarlegar upplýsingar í ársreikningum félaga getur það orðið til þess að þau ljóstra upp leyndamálum sem getur gert þeim erfitt fyrir í samkeppninni. Slíkar uppljóstranir geta gert það að verkum að félög hreinlega forðast það að skila ársreikningum sínum til opinberrar birtingar, jafnvel þó að skýr lagaskylda hvíli á lögaðilum um skil á slíkum gögnum. Eftirlit með skilum á ársreikningum hefur ekki verið nægjanleg og refsingin illfrákvæmanleg og léttvæg. Þó stendur yfir áttak hjá Ársreikningaskrá um þessar mundir sem ætlað er að hafa hvetjandi áhrif við skil á ársreikningum.

### 3 Hlutverk og skyldur endurskoðenda

Endurskoðendur hafa það hlutverk að gefa hlutlaust og rökstutt álit á ársreikningi og kanna hvort hann gefi glögga mynd af bókhaldi félagsins. Skv. lögum skulu þeir fá aðgang að öllum þeim gögnum sem þeir óska. (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008) Hlutverk þeirra er að ganga úr skugga um að allar upplýsingarnar séu réttar og því þurfa þeir að spyrja spurninga og vera gagnrýnir á bókhald félagsins. Þeir leitast við að tryggja að reikningsskilin séu uppgerð í samræmi við viðurkenndar reglur, s.s. lög um ársreikninga, alþjóðlega reikningsskilastaðla og aðrar settar reikningsskilareglur. Fá endurskoðendur ekki aðgang að þeim gögnum sem þeir telja sig þurfa til að gefa álit sitt gefa þeir það sem kallað er álit með fyrirvara.

Eftir að endurskoðunarferlinu lýkur gefa endurskoðendur álit sitt á reikningsskilum félagsins. Það birtist í áritun sem fram kemur eftir yfirlýsingu stjórnar í ársreikningi. Slík áritun er yfirleitt fyrirvaralaus, þ.e. endurskoðandi gerir ekki athugasemdir við reikningsskil félagsins. Á vefsíðu Félags löggiltra endurskoðenda má sjá mismunandi áritanir og þýðingar úr alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem fjalla um áritun endurskoðanda (Félag löggiltra endurskoðenda, 2010)

#### Fyrirvaralaus áritun:

„Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 20xx, efnahag þess 31. desember 20xx og breytingu á handbæru fé á árinu 20xx, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.“

#### Áritun með fyrirvara:

„Það er álit okkar, ef frá eru talin áhrif þeirra atriða sem nefnd eru í kaflanum um ástæður fyrir áritun með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 20xx, efnahag þess 31. desember 20xx og breytingu á handbæru fé á árinu 20xx, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.“

Auk þess sem endurskoðendur gefa álit sitt á ársreikningum félaga, gefa þeir svo kallaða könnunaráritun á árshlutauppgjör. Í því felst að ekki er framkvæmd ítarleg endurskoðun á reikningsskilunum heldur eru einungis helstu atriði könnuð.

#### Ályktun könnunar óháðs endurskoðenda án athugasemda:

„Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 31. mars 20xx og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.“

Öll fyrirtæki sækjast eftir fyrirvaralausri áritun endurskoðanda, þar sem hann leggur blessun sína yfir reikningsskil félagsins. Það lítur ekki vel út fyrir félögin að hafa fyrirvara í áritun sinni og vekur það grun um alvarlega ágalla á reikningsskilunum.

Ábyrgð endurskoðenda felst í því áliti sem þeir gefa á reikningsskilunum en ekki reikningsskilunum sjálfum. Ef einbeittur brotavilji er til staðar er hægt að afvegaleiða endurskoðendur rétt eins og alla aðra. Með sanngirni að leiðarljósi þykir því ekki við hæfi að endurskoðendur beri ábyrgð á reikningsskilunum. Allir endurskoðendur skulu hafa starfsábyrgðartryggingu samkvæmt lögum. Í því felst að þeir eru tryggðir gagnvart því tjóni sem þeir kunna að valda með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyzi (Sigríður Logadóttir, 2003) . Stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækis fara sameiginlega með ábyrgð á reikningsskilunum sjálfum. Tilgangur endurskoðenda er því fyrst og fremst að tryggja að reglum sé framfylgt og er þannig vottun sem lesendur reikningsskilanna, sem geta verið fjárfestar, starfsmenn, greiningaraðilar, eftirlitsstofnanir, almenningur, lánastofnanir o.fl, eiga að geta treyst.

Ekki eru öll félög endurskoðunarskyld en í þeim tilfellum, sem ekki er kjörinn endurskoðandi, skal kjósa skoðunarmann. Endurskoðandi og/eða skoðunarmaður er kosinn á hluthafafundi sé hann haldinn, annars af stjórn. Þau félög eru endurskoðunarskyld sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð skv. 98. gr. laga um ársreikninga:

1. eignir nema 120.000.000 kr.
2. rekstrartekjur nema 240.000.000 kr.
3. ársverk eru fleiri en 50.

## 4 Fjárfestingar í öðrum félögum

Fyrirtæki þurfa að ávaxta fé sitt líkt og einstaklingar. Félög hafa lausafé á reiðum höndum sem yfirleitt er kallað handbært fé í reikningsskilum félaganna. Handbært fé er t.d. innistæður í bönkum, víxlar og aðrir skammtíma pappírar. Almennt er litið á handbært fé og ígildi þess sem eign sem hægt er að skipta í peninga á innan við 3 mánuðum. Fyrirtæki fjárfesta þannig, bæði í skammtíma og langtíma eignum til að ávaxta fé sitt. Oft eru langtímafjárfestingar fólgnar í því að bæta rekstur félagsins eða kaupa eignir sem nýttast rekstrinum til langs tíma. Dæmi um slíka fjárfestingu er fasteign sem félagið starfar í. Aðrar langtíma fjárfestingar snúa að kaupum á öðrum fyrirtækjum sem e.t.v. eru í tengdum rekstri og þannig eflist og stækkar félagið sem fjárfesti fé sitt. Stundum er hið keypta félag yfirtekið að fullu eða kaupandinn heldur rekstri félaganna aðskildum og á þannig minni hlut. Fyrirtæki geta því átt hlutabréf í félögum í óskyldum rekstri til þess eins að ávaxta fé sitt, án þess að ætla sér að eiga verulegan hlut í félaginu eða hafa þar veruleg áhrif.

Bókhaldsleg meðferð slíkra eigna fer eftir tilgangi með fjárfestingunni sem og umráðum í viðkomandi félagi:

Tafla 3 mismunandi eignarhlutar

Hlutfall eignar %	0-20	21-50	51-100
Áhrif á reksturinn	Lítill eða engin	Veruleg	Full
Virðismat	Fært á gangvirði og breytingar í gegn um rekstur (veltufjáreign) eða eigið fé (fjáreign haldið til sölu)	Fært í gegnum efnahag á kostnaðarverði síðan hlutdeild í hagnaði, þ.e. hlutdeildaraðferð	Hlutdeildaraðferð og þar að auki skal semja samstæðureikning

Skráning eignarhluta sem nema 0-20% þar sem áhrif á reksturinn eru lítil eða engin falla í tvo flokka, s.k. veltufjáreign (e. trading) og fjáreign haldið til sölu (e. available-for-sale). Veltufjáreignir eru eignir sem notaðar eru til fjárfestingar til skamms tíma, ætlunin er að hagnast á verðbreytingunni og selja á næsta tímabili, en þegar um er að ræða fjáreignir haldið til sölu er gert ráð fyrir að eiga þær aðeins lengur. Veltufjáreignir skal færa í reikningsskil félagsins í gegn um rekstrarreikning á gangvirði. Í þessu felst að allar matsbreytingar á eigninni miðast

við markaðsverð hennar og þarf ekki að framkvæma sérstakt mat þar sem markaðsverð hlutanna liggur ljóst fyrir. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar þær fást greiddar. Nú hækkar verð hlutanna um 100 á markaði og skal það fært á þennan hátt í rekstrarreikning (Kieso, D. E. o.fl., 2008) (IAS 40):

Hlutabréf.....	100
Matsbreyting hlutabréfa (tekjur).....	100

Nú lækkar verð hlutanna á markaði og skal tap sem af því hlýst fært á sama hátt svona:

Hlutabréf.....	100
Matsbreyting hlutabréfa (gjöld).....	100

Fjáreignir haldið til sölu eru með líku lagi færðar á gangvirði en í stað þess að færa verðbreytingu í gegn um rekstrarreikning er verðbreyting færð á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár:

Hlutabréf.....	100
Gangvirðisreikningur hlutabréfa.....	100

Eignarhluti sem nemur 21-50%, þar sem áhrif á reksturinn eru veruleg skal færður í gegn um efnahagsreikning fjárfestisins. Hún er færð á kostnaðarverði og allar matsbreytingar í gegn um efnahagsreikning. Nú hækkar eða lækkar verð bréfana á markaði, en engin færsla er gerð í bókhaldi okkar. Hagnaður sem félagið sem fjárfest var í skilar, er þannig fært í bókhald fjárfestisins, 30% eignarhlutur, hagnaður 400 (Kieso, D. E. o.fl., 2008) (IAS 40):

Fjárfesting í xx.....	120
Hlutdeild í hagnaði xx.....	120

Þegar móttekin er arður frá félaginu xx skal hann færður þannig, ath. að ekki er tekjufært í rekstrarreikning, móttekinn arður nemur 100:



Reiðufé.....	30
Fjárfesting í xx.....	30

Arðgreiðsla er því færð til lækkunar á fjárfestingunni.

Líkt og eign sem nemur 21-50% skal fara með eignir þar sem eignarhluti nemur 51-100% með sama hætti, þ.e. allar matsbreytingar eru færðar í gegnum efnahag. Auk þeirrar meðferðar skal fjárfestir semja samstæðureikning, þar sem litið er svo á að félagið sé dótturfélag hans. Nánar er fjallað um samstæður í kafla númer 6.

## 5 Sameiningar félaga

Sameining eða samruni er það kallað þegar margir hlutir eru sameinaðir í einn. Í viðskiptum eiga slíkir samrunar og sameiningar sér títt stað. Innan fyrirtækja eru deildir sameinaðar til þess að ná fram einhverskonar hagræðingu, hvort sem það er á sviði fjármuna eða annarra auðlinda innan fyrirtækisins, t.d. til þess að nýta mannafla betur. Þessar sameiningar verða oft einnig til þess að þétta hóp starfsmanna sem eiga að vinna náið saman, í stað þess að vinna í mismunandi deildum sem jafnvel eru í samkeppni hver við aðra innbyrðis. Líkt og þegar deildir eru sameinaðar innan fyrirtækja má oft hagræða í rekstri þeirra með því að sameina tvö eða fleiri félög í svipuðum rekstri eða jafnvel til að auka umsvif í tengdum greinum. Þegar og ef fyrirtæki breyta um stefnu og ætla að hefja annarskonar starfsemi má kaupa fyrirtæki sem þegar er til staðar til að komast yfir upplýsingar, þekkingu og viðskiptasambönd sem annars tæki tíma að byggja upp.

Lóðréttur samruni er það kallað þegar fyrirtæki, t.d. í framleiðslu sameinast fyrirtækinu sem aðföng þess fyrrnefnda koma frá. Líta má á virðissköpun fyrirtækja sem keðju þar sem framleiðsla eins verður aðföng annars og svo koll af kolli. Sem dæmi um þetta má nefna kúabændur, framleiðsla þeirra verða aðföng mjólkur- og ostaframleiðenda. Ef kúabóndi kaupir ostaframleiðanda kallast það lóðréttur samruni. (Johnson, G. o.fl., 2008)

Láréttur samruni er það kallað þegar fyrirtæki sameinast öðru sem er í sama eða svipuðum rekstri og er ætlað að uppfylla sömu þarfir og hið síðarnefnda. Hér á hugtakið „Keep your friends close and your enemies closer“ vel við. Ef fyrirtæki í sama rekstri og við er að eflast og auka sinn hlut á okkar kostnað afhverju ekki að kaupa það? Á Íslandi, og í mörgum öðrum löndum, eru slík kaup og sameiningar þó háð reglum og úrskurðum samkeppniseftirlits enda eru slíkir samningar yfirleitt gerðir með fyrirvara um samþykki viðkomandi eftirlits. (Johnson, G. o.fl., 2008)

Þegar fyrirtæki sameinast má oft spara gríðarlega fjármuni í stjórnunarkostnaði þar sem tvöfalt kerfi verður óþarft. Sameinað fyrirtæki þarf ekki tvo forstjóra, jafnvel þó


að til skamms tíma séu fyrirtækin rekin sem sitthvor einingin vegna þess að sameiningin tekur einhvern tíma að ná að fullu fram. Sem dæmi sameinuðust tvö stór íslensk tölvufyrirtæki nýverið, þau eru EJS og SKÝRR. Þau eru rekin sem sitthvor einingin en sagan verður að leiða í ljós hvort þessi félög sameinist undir einu merki. Þekking innan hins sameinaða fyrirtækis gæti þannig orðið meiri og verðmætari sem skapar samkeppnisforskot á markaði þar sem reynslan er meiri og víðsýnni.

## 5.1 Yfirtökuskylda

Í lögum um verðbréfvíðskipti er að finna heilan kafla sem fjallar um yfirtöku. Er þeim kafla sérstaklega ætlað að útskýra og greina frá þeim skyldum sem hvíla á hluthöfum sem eiga ráðandi hlut í félagi. Skv lögnum eru yfirráð skilgreind þannig að aðili og þeir sem hann á í samstarfi við (Lög um verðbréfvíðskipti nr. 108/2007):

1. hafi eignast a.m.k 30% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Litið er á samstarf sem samning milli tveggja eða fleiri aðila og gildir þá einu hvort sá samningur er skriflegur, munnlegur eða með öðrum hætti. Alltaf ber að líta svo á að um samstarf sé að ræða þegar aðilar tengjast sterkum fjölskylduböndum eða ef um hóp fyrirtækja sem lúta sömu yfirstjórn er að ræða, sjá mynd 1, nema ef sýnt er fram á annað.



Mynd 1 Samstarf (Stefán Már Stefánsson, 2008)

Nú hafa aðilar komist yfir amk. 30% atkvæðisréttar og eins og að framan greinir hvílir á þeim skylda til að gera öðrum minni hluthöfum tilboð í hlut þeirra. Hafa þeir í huga að atkvæðisréttur (e. dividend share) og hlutabréf fara ekki endilega alltaf saman og geta hlutabréf verið atkvæðalaus. Þesskonar hlutabréf eru þó ekki ýkja algeng hérlandis en þekkjast vel víða um heiminn. Tilboðsskyldan hvílir á þeim sem eykur hlut sinn þannig að 30% mörkunum er náð en ekki samstarfsaðilum hans, ef þeir eru til staðar (Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti).

Þegar aðili gerir tilboð skal hann gera það eftir settum reglum. Hann getur því ekki sett fram óraunhæft og ósanngjarnt tilboð. Hann skal t.a.m. gera öllum aðilum sem eiga hluti í sama flokki sama tilboð, með samskonar skilmálum. Verðið á hlutunum skal ráðast af því hæsta verði sem tilboðsskyldur aðili eða samstarfsaðilar hans hafa greitt fyrir hluti í félaginu á síðustu 6 mánuðum áður en tilboðsskyldan myndaðist en þó aldrei lægra en verð bréfana á lokagengi daginn áður en hún myndaðist. Ýmsir varnaglar eru í lögnum sem fjalla um verðið og er þar m.a. kveðið á um að hafi aðilar greitt hærra verð fyrir hlutabréf félagsins á tilboðstímanum eða næstu 3 mánuði þar á eftir skal þeim sem tóku tilboðinu greiddur mismunurinn og skaðleysi þeirra tryggt. Eftir að tilboð er komið fram eða stjórn félags veit af þeim fyrirætlunum eru hendur hennar bundnar þannig að ákvarðanir hennar hafi ekki áhrif á tilboðið, þannig er ekki heimilt að ráðast í aukningu hlutfjár. Heimilt er að leggja fram valfrjáls tilboð og skulu þau fara að áður nefndum reglum. Þó er auðveldara að afturkalla tilboð og gera breytingar á því sé það valfrjálst frekar heldur en ef skylda hvílir á tilboðsgjafanum. Þegar hluthafi og aðilar sem hann á í samstarfi við hafa eignast 90% hlutfjár og atkvæðisrétt geta þeir og stjórn félags sameiginlega fyrirskipað að aðrir hluthafar skuli sæta innlausn hluta sinna. Í því felst söluskylda til stóru hluthafanna og kaupskylda þeirra sömuleiðis. Verðið ákvarðast m.a. af því verði sem greitt var í yfirtökutilboðinu.

## **5.2 Ársreikningur sameinaðs félags**

Samlagning á efnahagsreikningi tveggja félaga er nokkuð auðskilin þegar kemur að efnislegum eignum og skuldum. Dæmi um slíkt má nefna bankainnistæður, en þær eru einfaldlega lagðar saman. Málið vandast hinsvegar þegar kemur að því að meta óefnislegar eignir og eignir sem bókfærðar eru á markaðsverði. Við mat á slíkum eignum

þarf að liggja fyrir virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt er af óháðum aðilum. Við samlagningu ársreikninganna þarf að taka tillit til innbyrðis viðskipta og gæta þess að tvítalning sé ekki til staðar.

Til eru nokkrar leiðir til þess að útbúa ársreikning hins sameinaða félags. Þær helstu nefnast samlegðaraðferð og kaupaðferð. Kaupaðferðin er sú leið sem yfirleitt er valin þar sem samlegðaraðferðin er bönnuð samkvæmt IFRS stöðlunum. Í íslensku ársreikningalögnum nr. 3/2006 segir í 2. mgr. 78. gr „Ef félög eru undir sama móðurfélagi eða háð ákvörðunarvaldi sömu aðila má beita samlegðaraðferðinni við upphaf samstæðunnar“. Í ljósi þess má sjá að löggin leyfa notkun þessarar aðferðar, eða í það minnsta banna hana ekki.

Hafi félögin átt viðskipti sín á milli þarf m.a. að gæta þess að kostnaðarverð birgða sé ekki ofmetið eða tekjur tvífærðar eftir því sem við á, þ.e. gæta þess að tvítalning sé ekki til staðar eins og áður var getið. Notuð er kaupaðferð til að fylgja stöðlunum.

Dæmi um tvítalningu, og hvernig henni er eytt, vegna vörusölu má sjá á mynd 2:

**Fyrirtæki A kaupir af fyrirtæki B - Kostnaðarverð varanna er 90**

	D	K		D	K
<b>Fyrirtæki A</b>			<b>Fyrirtæki B</b>		
Birgðir.....	100		Viðskiptakröfur.....	100	
Viðskiptaskuldir.....		100	Sala.....		100
			Kostnaðarverð seldra vara	90	
			Birgðir.....		90

**Leiðréttingar í sameinuðum ársreikningi**

Viðskiptaskuldir.....	100	
Viðskiptakröfur.....		100
Sala.....	100	
Kostnaðarverð seldra vara		90
Birgðir.....		10

**Mynd 2 Tvítalning vegna vörusölu**

Á mynd 3 má sjá hvernig efnahagsreikningur og rekstrarreikningur hins nýja sameinaða félags er útbúinn. Gert er ráð fyrir að kaupandinn yfirtaki allar eignir og skuldbindingar hins yfirtekna félags.

**Rekstrarreikningur**

	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B	Samstæðan
Sala	900	300	1200
Gjöld	800	250	1050
Rekstrarhagnaður	100	50	150
Hlutdeild í hagnaði B (90%)	45		
Hagnaður	145	50	
Hlutdeild minni hluthafa í B (10%)			(5)
Hagnaður samstæðunnar			145

**Efnahagsreikningur**

	Eignir		=	Skuldir	+	Eigið fé	
	Fjárfesting í B	Aðrar eignir	=			Hlutdeild minnihluta	Eigið fé
Reikningar A fyrir kaup		650	=	200			450
Kaup á fyrirtæki B	192	-192	=				
Rekstrarhagnaður		100	=				100
Hlutdeild í hagnaði B	45		=				45
Reikningar A í lok árs	237	558	=	200			595
Reikningar B fyrir kaup		400	=	187			213
Rekstrarhagnaður		50	=				50
Reikningar B í lok árs		450	=	187			263
Tvítalningu eytt út	-237		=			26*	-263
Samstæðureikningur	0	1.008	=	387	+	26*	595

\* Upphafsstæða auk 10% af 50 = 21+5

**Mynd 3 Rekstrarreikningur og efnahagsreikningur sameinaðs félags. (Horngren o.fl., 2005)**

Á mynd 3 er ekki gert ráð fyrir tvítalningu í rekstrarreikningi og því er hægt að leggja saman tekjur og gjöld beggja fyrirtækja til þess að fá út tekjur og gjöld samstæðunnar. Auk þess telst til tekna hjá fyrirtæki A, móðurfélaginu, 90% þess hagnaðar sem fyrirtæki B skilaði. Til þess að fá hagnað samstæðunnar má leggja hagnað beggja fyrirtækjanna saman og draga frá hlutdeild minni hluthafa í hagnaði fyrirtækis B (5).


Í efnahagsreikningnum þarf að draga frá fjárfestinguna í B og eyða út eigin fé félagsins þar sem það telst nú til eiginfjár móðurfélagsins.

## 6 Samstæður

Í 2. gr. laga nr 2/1995 um hlutafélög segir: „Nú á hlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu, og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.“ Í eðli sínu er hvert félag sjálfstætt en í vissum tilfellum má líta á þau sem samstæður skv. 3. mgr. 2.gr áðurnefndra laga: „Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða“. Í lögum um ársreikninga og skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eru samstæður viðurkenndar og er þar að finna reglur um samstæðureikning. Í skattalegu tilliti ber að líta á hvert félag sem sjálfstæðan skattaðila og skal skattlagning hans fara eftir tekjum og gjöldum hans. Þannig er tap hvers félags ekki yfirfæranlegt milli félaga. (Lög um tekjuskatt nr. 90/2003). Undantekningar frá skyldu til að halda samstæðureikning (Stefán Már Stefánsson, 2008) eru ef samstæðan í heild fer ekki fram úr tveimur af þessum stærðum, tvö ár í röð:

1. eignir nema 230.000.000
2. rekstrartekjur nema 460.000.000
3. fjöldi ársverka er 50

Fyrirtækjasamstæðu er best lýst með því að sýna á mynd 4.




**Mynd 4 Samstæða**

Öll félögin á myndinni kallast einu nafni samstæða. Samstæður eru misstórar og flóknar, sumar litlar og aðrar stórar. Rekstur slíkra félaga er oft umfangsmikill og á mjög mismunandi forsendum. Oftast eru félög í óskyldum rekstri rekin sem samstæða í stað þess að sameina fyrirtækin, sem sjaldan er gert þegar um mjög óskyldan rekstur er að ræða. Fyrirtæki telst dótturfélag í bókhaldi móðurfélagsins þegar móðurfélagið fer með meira en 50% atkvæðafjölda í dótturfélaginu skv. skilgreiningu. Oft eru slíkar eignir fjárfestingareignir sem notaðar eru til að ávaxta fjármuni, jafnvel þó að ekki sé ætlunin að eiga fyrirtækið til mjög langs tíma. Kostur þess að reka hvert félag í sínu lagi undir flaggi móðurfélagsins er sá að kröfuhafar hvers einstaks félags hafa ekki kröfurétt á önnur félög innan sömu samstæðu. Ef eitt félag verður gjaldþrota leiðir það ekki endilega til gjaldþrots annarra félaga, nema t.d. ef hið gjaldþrota félag á miklar viðskiptaskuldir í tengdu félagi.


Upplýsingaskylda félaga gildir um alla sjálfstæða aðila hvort sem þeir eru hluti af samstæðu eða ekki. Öll félög skulu þannig m.a. skila ársreikningi sínum til ársreikningaskrár og skattskýrslum til skattfyfirvalda. Önnur upplýsingaskylda fer t.d. eftir því hvort félag sé skráð á opinberum markaði eða ekki. Ef svo er gilda lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eftir því sem við á. Auk þeirra upplýsinga sem almennt gilda fyrir flest öll fyrirtæki eru fleiri upplýsingar sem þarf að veita fjárfestum og eftirlitsaðilum þegar bréf félagsins eru í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði. Er þeirri upplýsingaskyldu ætlað að gera alla aðila á markaðinum jafnvel setta og koma í veg fyrir mismunun og auka gegnsæi. Þeir aðilar sem búa yfir upplýsingum sem ekki eru almennar á markaði teljast innherjar. Innherjar eru flokkaðir í mismunandi hópa s.s.



fruminnherja og tímabundna innherja. Sem dæmi um slíka aðila má nefna endurskoðendur, stjórnarmenn og eftirlitsaðila. Sönnunarbyrði í þessum málum er rík og flókin þar sem erfitt er að sanna að viðskipti hafi átt sér stað á grundvelli þess að aðili málsins nýtti sér þær upplýsingar sem hann hafði umfram aðra. Honum er ekki meinað að stunda viðskipti en hann má ekki nýta sér þessar innherjaupplýsingar. Það eru því ekki mörg dómfordæmi fyrir málum af þessu tagi en nýjasta dæmið þegar þetta er ritað er dómur héraðsdóms yfir Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, sem hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar. Nánar má lesa um þessa upplýsingaskyldu í áður nefndum lögum og verður látið nægja að vísa á lögin í stað þess að fjalla nánar um þessa skyldu í lengra máli. Á mynd 5 (Persónuvernd, 2010) og 6 (Gísli Jón Magnússon, 2011) má sjá dæmi af tveimur samstæðum í svipuðum rekstri sem eru þó reknar í mismunandi formi.



Mynd 5 Samstæðan Hagar



Mynd 6 Samstæðan Norvik

Haga samstæðan er rekin þannig að hvert og eitt vörumerki er rekið á eigin kennitölu. Það gerir það að verkum að mörg þessarra fyrirtækja eru með sér yfirstjórn og stoðdeildir sem aftur verður þess valdandi að stjórnunarkostnaður og utanumhald verður mjög dýrt. Þetta rekstrarform minnkar áhættu innan samstæðunar og kemur í veg fyrir keðjuáhrif. Ábyrgð á milli þessarra fyrirtækja er því einskorðuð við þau viðskiptasambönd sem eru þar á milli en eitt merki dregur ekki endilega alla samstæðuna með sér í þrot ef svo ber undir. Þetta sést með því að skoða kennitölur félaganna á myndinni en þar sést að jafnvel þegar ný kennitala hefur verið stofnuð um eitt félag þá haldast allar gömlu kennitölur hinna fyrirtækjanna óbreyttar.

Norvik samstæðan er rekin með öðrum hætti. Þar eru færri fyrirtæki með kennitölu en innan hvers félags eru fleiri vörumerki. Í því felst að t.d. allar matvöruverslanir fyrirtækisins eru reknar á sömu kennitölu. Ef fyrirtækið Kaupás hf. færi í þrot myndi það þýða að allar eignir þess félags væru til skiptanna og þar með allar matvörubúðir félagsins í hættu. Þetta fyrirkomulag auðveldar þó viðskipti á milli deilda sem, matvörubúðirnar í raun eru og minnkar þannig kostnað m.a. þar sem að auðvelt er að flytja vörur á milli verslana og koma í veg fyrir vörurýrnun í fyrirtækinu í heild.

Ákvörðun um rekstrarform og uppsetningu samstæðu þarf að taka m.t.t. hvernig rekstrinum verður háttað. Það hefur einnig áhrif á ákvörðunina hversu stór einstök félög

eru. Þar sem tap eins félags er ekki yfirfæranlegt á milli félaga innan samstæðu gæti verið hagstæðara að sameina félag sem skilar tapi mörg ár í röð við annað félag sem skilar miklum hagnaði. Þannig má lækka tekjuskattsskuldbindingu á samstæðuna í heild. Alla þessa kosti og galla sem getið er að framan þarf að veiga og meta með langtíma rekstur í huga.

## 6.1 Ársreikningur samstæðu

Ferli við gerð samstæðureiknings má lýsa með flæðiritinu á mynd 7 og er í raun sama ferli og þegar fyrirtæki eru sameinuð eins og fjallað hefur verið um.



Mynd 7 Gerð samstæðureikningsskila (Horngren o.fl., 2005)

Mikilvægt er að allri tvítalningu sé eytt úr reikningsskilunum rétt eins og vikið var að í kaflanum um sameiningar félaga, með því er s.s. átt við kostnað við birgðir ef félögin eiga í innbyrðis viðskiptum, sem og tvítalningu á tekjum félaganna þar sem raunveruleg sala á vörum á sér ekki stað fyrir en við sölu út úr samstæðunni. Dæmi um þessi viðskipti og eyðingu tvítalningar má sjá á mynd 3 í kafla 5.2

Mismunandi reglur gilda um það hvernig samningu ársreiknings samstæðu skuli háttað og fjalla IFRS 3 og IAS 27 staðlarnir um það (Deloitte, 2010). Ársreikningar allra félaganna, móður og dótturfélaga eru samdir skv. viðurkenndum reglum. Samstæðureikningur kemur þar sem hrein og bein viðbót, þ.e. ef um móðurfélag og 2 dótturfélög er að ræða verða ársreikningarnir 4, einn fyrir hvert félag auk samstæðureiknings. Á mynd 8 má sjá hvernig mjög einfaldur reikningur samstæðu er

saminn í kjölfar kaupa fyrirtækis A á öllu hlutafé fyrirtækis B, en engin viðskiptavild hefur myndast við kaupin heldur er greitt verð jafnt bókfærðu verði eigin fjár B.

	Eignir		=	Skuldir	+	Eigið fé
	Fjárfesting í B	Aðrar eignir				
Reikningar A fyrir kaup		650	=	200	+	450
Kaup á fyrirtæki B	213	-213	=			
Reikningar A eftir kaup	213	437	=	200	+	450
Reikningar B fyrir kaup		400	=	187	+	213
Tvítalningu eytt út	-213		=			-213
Samstæðureikningur	0	837	=	387	+	450

#### Mynd 8 Samstæðureikningur

Þegar verð er ekki jafnt bókfærðu virði eiginfjár þess fyrirtækis sem keypt er, myndast viðskiptavild og er meðferð hennar sýnd á mynd 9.

	Eignir			=	Skuldir	+	Eigið fé
	Fjárfesting í B	Aðrar eignir	Viðskiptavild				
Reikningar A fyrir kaup		650		=	200	+	450
Kaup á B	253	-253		=			
Reikningar B		400		=	187	+	213
Tvítalningu eytt	-253		40	=			-213
Samstæðureikningur	0	797	40	=	387	+	450

#### Mynd 9 Viðskiptavild

Þar sem kaupverðið er 253 en bókfært verð eiginfjár í fyrirtæki B er 213 hefur myndast viðskiptavild sem nemur 40. Viðskiptavildin er óefnisleg eign sem fyrnist yfir tíma líkt og aðrar eignir. Til þess að kanna að verðmæti óefnislegra eigna þarf að framkvæma virðisrýrnunarpróf, sem framkvæmd eru eftir settum reglum.

## 6.2 Endurskoðun samstæðu

Innan endurskoðunarfræðanna er fjallað um það hvernig endurskoðun samstæðu sé best háttað. Spurningar um hver skuli endurskoða einstök félög innan samstæðurnar koma upp. Hversu viðeigandi er að einn maður endurskoði allar einingar samstæðunnar sem og samstæðuna sjálfa í heild. Álitamál sem komið hafa upp þessu tengd lúta fyrst

og fremst að því hvort hagsmunaárekstrar kunni að verða við slíka endurskoðun og um óhæði endurskoðandans m.t.t hversu samdauna hann er orðinn samstæðunni í heild. Án þess að lagt sé mat á einstaka endurskoðendur og störf þeirra má velta því upp hvort ekki sé auðveldara að svindla, sé það ætlun manna, á einum endurskoðanda en mörgum.

Heppilegra væri ef hver einstök rekstrareining hefði aðra endurskoðendur en samstæðan í heild, þar sem mörg augu koma frekar í veg fyrir mistök og misferli. Slíkt fyrirkomulag getur þó reynst mjög dýrt, flókið og óhagkvæmt á allan hátt frá sjónarhóli fyrirtækjanna sem endurskoðuð eru.

Endurskoðendum samstæðu er skylt að sannreyna alla þætti sem fram koma í reikningsskilum samstæðunnar og skulu hafa óheftan aðgang að öllum þeim gögnum sem þeir telja sig þurfa. Þar með talin eru þau gögn sem liggja til grundvallar ársreikningum dótturfélaganna. Endurskoðandi gefur að lokinni endurskoðun álit sitt á ársreikningnum á nákvæmlega sama hátt og greint var frá í kaflanum „Hlutverk og skyldur endurskoðenda“. Eins og áður skal endurskoðandi gefa álit með fyrirvara fái hann ekki þau gögn sem hann telur nauðsynleg.

## 7 Lokaorð

Fyrirtæki eru rekin í mismunandi formi, allt eftir því hvernig ætlunin er að haga rekstrinum til framtíðar litið. Ef ætlunin er að skrá fyrirtækið á opinberum markaði er nauðsynlegt að það sé rekið í hlutafélaga formi (hf.) en ef ætlunin er að reka félagið með takmarkaðri ábyrgð án þess að skrá það á markað er það rekið í einkahlutafélaga formi (ehf.). Kostir félaga með ótakmarkaðri ábyrgð eru þeir að ekkert lágmark er á stofn fé sem og úttekt eigenda úr rekstrinum er skattfrjál. Í stað þessara fríðinda skuldbinda þeir sig persónulega fyrir rekstrinum.

Fjárfestingar í félögum og sameiningar fyrirtækja eiga sér stað með það að markmiði að hagræða í rekstri félaga í tengdum atvinnurekstri. Er það gert með minni umgjörð í kring um reksturinn þ.m.t. sameiginlegri yfirstjórn. Ef ekki er fýsilegt að sameina félög er hægt að reka þau í samstæðu. Í ritgerðinni var fjallað um samstæður og hvernig rekstri þeirra er háttað, ársreikningur samstæðu skoðaður, hlutverk og skyldur endurskoðenda nefndars em og hvernig æskilegt er að endurskoðun samstæðu skuli vera háttað og gagnrýni þar á.

## Heimildaskrá

Félag löggiltra endurskoðenda. (e.d.). *Áritanir og leiðbeiningar um endurskoðun*. Sótt 25. febrúar 2011 af [http://www.fle.is/faglegt/aritanir\\_og\\_leidbeiningar\\_um\\_endurskodun](http://www.fle.is/faglegt/aritanir_og_leidbeiningar_um_endurskodun)

Deloitte. (2010). *IFRS Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar*. Reykjavík: Deloitte

Horngrén, C. T., Sundem, G. L., Elliott, J. A. og Philbrick, D. R. (2005). *Introduction to Financial Accounting*. 9th edition. New Jersey: Pearson.

IAS 10. International Accounting Standards no 10. *Atburðir eftir lok reikningsskiladags*. IASB

IAS 27. International Accounting Standards no 27. *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*. IASB

IAS 40. International Accounting Standards no 40. *Fjárfestingareignir*. IASB

IFRS 3. International Financial Accounting Standards no. 3. *Sameining félaga*. IASB

Johnson, G., Scholes, K. og Whittington, R. (2008). *Exploring Corporate Strategy*. Edinburgh: Pearson.

Kieso, D. E., Weygandt J. J. og Warfield, T. D. (2008). *Intermediate Accounting*. 12th edition. New York: John Wiley & Sons.

KPMG. (2010). *Félagaform og skattlagning*. Sótt 29. janúar 2011 af [http://www.kpmg.is/media/skattasvid/Skattavika\\_KPMG\\_2010.\\_29.\\_januar\\_felagaform\\_og\\_skattlagning.pdf](http://www.kpmg.is/media/skattasvid/Skattavika_KPMG_2010._29._januar_felagaform_og_skattlagning.pdf)

Lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Lög nr. 50/2007 um sameignarfélög.

Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Gísli Jón Magnússon. (2011). Norvik. Óútgefin mynd

Persónuvernd. (2010). *Úrskurður vegna mynda af meintum búðarþjófum hjá Högum hf.*  
Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.personuvernd.is/efst-a-baugi/urskurdir-og-alit/2010/greinar/nr/1115>

Ríkisskattstjóri. (e.d.). *Fjármagnstekjuskattur.* Sótt 15. mars 2011 af  
<http://rsk.is/rekstur/skattar/fjarmagns/>

Sigríður Logadóttir. (2003). *Lög á bók.* Reykjavík: Edda útgáfa

Stefán Már Stefánsson. (2008). *Samstæður hlutafélaga.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag